

Reglur um launalaus leyfi starfsmanna Ísafjarðarbæjar.

Starfsmenn Ísafjarðarbæjar geta sótt um launalaus leyfi til viðkomandi forstöðumanns, enda sé umsóknin studd fullnægjandi gögnum.

1. gr

Umsögn um launalaus leyfi, studd fullnægjandi gögnum, skal send viðkomandi forstöðumanni stofnunar með að minnsta kosti 3 mánaða fyrirvara.

2. gr.

Leyfið sé ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða. Sama starfsmanni sé ekki veitt endurtekið leyfi nema liðin séu minnst þrjú ár frá því að það var síðast veitt.

3. gr

Einungis sé veitt launalaus leyfi, þegar til þess liggja ríkar ástæður sem starfsmanni ber að tilgreina. Þær ástæður, sem helst koma til álita, eru framlenging á fæðingarorlofi, leyfi til náms sem nýtist í starfi, sérstakar fjölskylduástæður og aðrar ástæður sem til þessara má jafna.

Ef starfsmaður hyggst ráða sig í aðra vinnu til lengri tíma en þriggja mánaða skal að jafnaði ekki veita launalaus leyfi.

4. gr

Ef óhjákvæmilegt reynist að ráða starfsmann í stað þess sem veitt er launalaus leyfi, skal skriflega frá því gengið við ráðningu, að hún sé til ákveðins tíma og sé slitið án uppsagnar.

5. gr

Forstöðumaður, að fenginni staðfestingu bærarstjóra, tekur ákvörðun um veitingu launalauss leyfis til allt að 12 mánaða.

6. gr

Þyki sérstakar ástæður sem varða starfsmann, starfslegar eða fjölskyldulegar og hagsmunir Ísafjarðarbæjar, mæla með því að víkja frá framangreindum reglum og veita rýmra leyfi, skal forstöðumaður stofnunar eða fyrirtækis senda bærarstjóra málið ásamt ítarlegri greinargerð umsækjanda og tillögu forstöðumanns um afgreiðslu málsins. Bærarstjóri tekur ákvörðun um veitingu leyfis á grundvelli þessarar greinar.

7. gr

Starfsmaður sem telur synjun um launalaus leyfi ekki vera í samræmi við reglur þessar eða telur á annan hátt rétt á sér brotinn getur skotið máli sínu til afgreiðslu bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

8. gr

Reglur þessar rýra ekki áunninn eða umsaminn rétt starfsmanna, sem þeir eiga á grundvelli kjarasamninga.

Þannig samþykkt í bærarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 6. desember 2012.

Daníel Jakobsson
- bærarstjóri -